

er mín myndræna biblí og hugmyndabanki.

- Ertu að læra myndlist?
- Já, ég fer á fimmta ár í Myndlista- og handíðaskólanum í haust en ætla síðan til London. En svo er ég á kafi í öllu mögulegu öðru t.d. að gera leikmyndir fyrir Leiklistarskólann.

Og þá er það **Ragna Steinunn Ingadóttir**. Hún er með stór málverk og teikningar af nokku fólki.

- Er það erótfk?
- Myndirnar eru nú ekki hugsáðar þannig.

- En þér finnst mannlíkaminn spennandi?

- Tvímælalaust. Hjá mér er allt miðað við kroppinn. Þannig túlka ég sjálfan mig og hugðar-efni mín.

- Hvað segirðu mér um námsferil þinn?

- Ég var fyrst hér heima í Myndlista- og handíðaskólanum, var svo í Danmörku í 2 ár en hef undanfarin þrjú ár verið á Ítalíu, fyrst í Bologna en síðan í Róm.

- Þið Steinunn hafið báðar verið í Bologna. Er góður lista-skóli þar?

- Hann var góður en er nú útbrunninn. Það er betra að leita í stærri borgirnar.

- Eru mikil ítölsk áhrif í myndum þínum?

- Ég get nú ekki séð það beint en maður verður náttúrulega alltaf fyrir áhrifum af andrúmsloftinu.

- Hvaða skóla hefurðu verið í?

- Akademi Belli Arte í Róm en maður lærir þó mest af því að vera á staðnum og kynna öðrum myndlistarmönnum.


- Og hver eru framtíðarþlönin?

- Ég ætla nú að vera heima í eitt ár og vinna að myndlist. Það þýðir ekki að stoppa.

- Finnst þér vera eitthvað sameiginlegt með ykkur sem sýnið hér?

- Þó að við vinnum allar mjög ólíkt er viss tónn sameiginlegur. Við erum allar sín úr hvorri áttinni en lifum í sama tíma.

Þá snúum við okkur að **Sóley Eiríksdóttur** sem sýnir keramikskúlptúra. Hún er spurð að því hvar í heiminum hún hafi haldið sig.



Steinunn Þórarinsdóttir: Línuteikningar í vír.

- Ég hef ekkert farið út í lönd. Ég lauk prófi frá Myndlistaskólanum bæði úr kennara- og keramikdeild og hef síðan verið með eigin verkstæði í 3 ár.

- Eru þessar myndir þínar á sýningunni nýjungar?

- Ég sýndi með Leirlistafélaginu um daginn og þar var ég með stórar skálar og notaði flötinn á þeim til að tjá myndir mínar en nú er ég að þreifa mig áfram með að koma myndunum sjálfum í skúlptúr-form. Þegar ég er búin að vinna þetta lengi með efnið er ég farin að fá betri tilfinningu fyrir því og möguleikum þess. Annars hef ég aldrei hugsað

skálar mínar og ker sem nytjahluti, t.d. blómapotta, heldur fyrst og fremst hluti til að horfa á.

- Þú hefur ekki hug á því að mennta þig erlendis?

- Mér finnst afskaplega gott að vera hér heima og ég er viss um að ég fengi heimþrá strax. Ísland er svo gott land. Hinu er ekki að leyndu að mig langar mikið til að fara til útlanda, njóta þess að vera í öðru andrúmslofti. Ég hef lengi haft það í hyggju.

Jóhanna Kristín Yngvadóttir sýndi fyrir skömmu í Listmunahúsinu og hún er hér í hópnum. Fyrst klassísk spurning:
- Hvar hefurðu lært?

- Ég var fjögur ár í námi hér heima og síðan önnur fjögur ár í Hollandi, fyrst eitt ár í Haag og svo þrjú ár í Amsterdam. Og nú er ég á förum til S-Ítalíu, ætla framvegis að búa þar á veturna.

- Hvers vegna?

- Af heilsufarsástæðum. Við búum líka á svo afskekktum stað upp við Elliðaár að við erum dálítið einangruð, erum kannski innilokuð í húsinu mestallan veturinn.

- Varstu fyrir miklum áhrifum af málverki í Hollandi?

- Nei, ætli ég hafi ekki farið að mála eftir að ég kom heim.

- Þær eru dálítið dimmar þess-

ir myndir þínar. Eru þetta kannski áhrif frá skammdeginu?

- Já, þær eru kannski dálítið innibirgðar.

- Varstu í döpru skapi þegar þú málaðir þær?

- Nei, ég var mjög glöð. Ég mála eingöngu þegar ég er glöð.

Sú síðasta sem við náum í þessa dagstund á Kjarvalsstöðum er **Harpa Björnsdóttir**. Og hún er spurð um námsferilinn.

- Ég var í Myndlista- og handíðaskólanum 1976-1979 og svo aftur 1981-1982 og útskrifaðist þá.

- Hvers konar liti notarðu í myndir þínar hér?

- Þetta er blek, silkiprentslitir, vatnslitir og ýmislegt annað. - Hefurðu tekið þátt í sýningum?

- Já, samsýningum en í haust held ég mína fyrstu einkasýningu í Kaupmannahöfn.

- Hvers vegna þar?


- Ég á svo góða vini þar úti.

- Geturðu helgað þig myndlistinni?


- Ég vinn við mína myndlist með fullri vinnu úti og stundum meira en það.

Tvær konur náum við ekki í. Önnur er erlendis og hin veik þegar viðtölin fóru fram. **Björg Orvar** er nýkomin heim frá San Fransisco en þar hefur hún verið sl. 3-4 ár við myndlistarnám. Hún málar stór málverk. Hin er **Erla Þórarinsdóttir** sem búsett er í Stokkhólmi og málar undir ítölskum áhrifum. Hún hélt einkasýningu í Nýlistasafninu í fyrra.

-GFR



Jóhanna Kristín Yngvadóttir: Ég mála eingöngu þegar ég er glöð.



Ragna Steinunn Ingadóttir: Hjá mér er allt miðað við kroppinn.



Ásta Ríkharðsdóttir: New York hefur upp á allt að bjóða.



Harpa Björnsdóttir: Blek, silkiprentslitir, vatnslitir og fleira.

Myndir: Atli